

Athugasemd vegna þrengingar Aðalgötu og Múlavegar Bygginga og- skipulagsnefnd/

Ólafsfirði júní 2024


Vil gera athugasemd við fyrirhugaðar þrengingar á Múlavegi og Aðalgötu norður úr bænum.

Bendi á að eins og sagt var að tilgangur með að þrengja götuna væri til að lækka ökuhraða, þá tel ég það mjög misráðið og geri bara meiri slyshættu í umferð um þetta svæði. Vil að fyrirhuguð 11 bílastæði, göngu- og hjálastígur framan við Múlaveg 4 og 6 verði ekki að veruleika. Bara látið í friði eins og það er núna. Götupverun með hraðahindrun verði gerð norðan við gatnamótin (gult) upp á Brekkugötu og góð gang- og hjólabraut þar suður að gangstétt við Kjörbúðina. Helst lokað fyrir akveg niður að höfn hjá bílastæðinu og það stækkað í staðinn. Grænt belti, þrenging norður Múlaveginn og framan við Kjörbúðina er bara til að auka slyshættu. Burt með það.

Til að lækka ökuhraða skal bent á að setja frekar upp gangbrautir/hraðahindranir, þrengingar með hraðaskiltum og hraðamyndavélar.

Virðingarfyllst fyrir hönd Tunnunnar prentþjónustu ehf. eiganda Múlavegar 4 kt: 471289-1329

Albert Gunnlaugsson



Breytt deiliskipulag, mvk. 1:1.500



Þrenging í Kópavogi með skiltum um ökuhraða. Hægt að fjarlægja á vetur ef mikill snjór kemur. Hægt að still allavega til það þrengja og hægja á umferð eftir hentugleika.